

## Breytingartillögur

við frv. til l. um sjúklingatryggingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. falli brott.
2. Við 5. gr.
  - a. Í stað orðsins „neysluverðsvísitölu“ í 3. másl. 2. mgr. komi: lánskjaravísitölu.
  - b. 4. másl. 2. mgr. falli brott.
3. Við 11. gr. 2. másl. orðist svo: Sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins og þá sem annast sjúkraflutninga á vegum ríkisins.
4. Við 12. gr. Í stað orðanna „skulu gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál“ í 2. mgr. komi: skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar.
5. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð sjúklingatrygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins.
6. Við 15. gr. Í stað orðanna „skulu gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál“ í 3. mgr. komi: skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar.
7. Við 17. gr. Í stað orðanna „um meðferð vátryggingafélaga á bótakröfum“ í 2. másl. komi: um málsmeðferð vátryggingafélaga á bótakröfum.
8. Á eftir 17. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

*Upplýsingaskylda Tryggingastofnunar ríkisins.*

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að kynna fyrir almenningi ákvæði laga þessara um sjúklingatryggingu. Í þeim upplýsingum skal m.a. koma fram að sé um að ræða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skuli beina kröfu til vátryggingafélaga.
9. Við 21. gr. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurskoða skal lög þessi innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.